

Velferðarráðuneytið
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.
Skuggasundi 1
150 Reykjavík



Umsögn Landssamtaka íslenskra stúdenta vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um húsaleigubætur, nr. 138/1997, með síðari breytingum (réttur námsmanna), 211. mál.

Um Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS)

Hlutverk Landssamtaka íslenskra stúdenta er að vinna að samræmingu gæðastarfs milli háskóla á Íslandi og standa vörð um hagsmuni stúdenta hérlendis sem og á alþjóðavettvangi.

Samtökin sitja fyrir hönd íslenskra stúdenta í ESU, Sambandi evrópskra stúdenta, sem og NOM, samráðsvettvangi norrænna stúdentafélaga. LIÍS mun formlega sameina raddir íslenskra stúdenta í fyrsta sinn og standa að samstilltum aðgerðum. Allir íslenskir stúdentar, hátt í 25.000 talsins, eiga því fulltrúa í LIÍS sem er sjálfstætt félag og er stjórnað af íslenskum stúdentum.

Umsögn um frumvarp

Eins og staðan er núna hljóta aðeins þeir námsmenn sem leigja herbergi á Stúdentagörðum húsaleigubætur, en aðrir sem leigja herbergi á almennum leigumarkaði hljóta ekki bætur. Núverandi framboð á húsnæði á íslenskum stúdentagörðum annar ekki eftirspurn en sem dæmi má nefna að Félagsstofnun Stúdenta (FS) leigir rúmlega 1.100 íbúðir eða herbergi til stúdenta við Háskóla Íslands en fjöldi námsmanna við HÍ er um 13.000. Leiguverð á almennum markaði er almennt hærra en á Stúdentagörðum og geta nemendur sem leigja herbergi á almennum markaði því farið á mis við tvenns lags ívilnun sem stendur nemendum sem leigja herbergi á stúdentagörðum til boða.

Í ljósi þess að ekki er nægilegt framboð af heimavist eða námsgörðum, og fjölmargir námsmenn geta því ekki nýtt sér slíkt búsetuúrræði, er hér tekið undir tillögu frumvarpsins um að takmörkun á undanþágu sem fram kemur í 2. málsl. 5. mgr. 7. gr. laga um húsaleigubætur nr. 138/1997 verði felld brott þannig að námsmenn sem búa á námsgörðum sem og þeir sem leigi herbergi „úti í bæ“ geti sótt um húsaleigubætur. Þar með verði aðstæður stúdenta jafnaðar og þeir njóti sama stuðnings hvort sem þeir leigja á námsgörðum eða á almennum markaði enda ber að virða jafnræðisreglu Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 sem fram kemur í 65. gr. hennar.

Samtökin styðja frumvarpið heilshugar og telja að ekki eigi að mismuna þeim námsmönnum sem ekki fá úthlutaða íbúð á stúdentagörðum.

23. desember 2014

Framkvæmdarstjórn Landssamtaka íslenskra stúdenta:

Aníta Brá Ingvadóttir, Árni Þórólfur Árnason, Baldur Ólafsson,
Birgir Marteinson, Daníel Bachmann, Helga Lind Mar, Helga Margrét Friðriksdóttir,
Iona Sjöfn, Ívar Örn Þráinsson, Jakob Wayne Víkingur Robertson,
Jóhann Gunnar Þórarinsson, Jórunn Pála Jónasdóttir, Nanna Elísa Jakobsdóttir,
Silja Yraola, Valdemar Karl Kristinsson.